

BRÁÐABIRGÐALÖG

118

30. des.

um reiknings- og skuldaskil sparisjóðsins Gullfoss í Hrunamannahreppi.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Dómsmálaráðherra Vor hefir þegnlega borið upp fyrir Oss, að ákveðið hafi verið að framkvæma reiknings- og skuldaskil sparisjóðsins Gullfoss í Hrunamannahreppi, en sparisjóði þessum var lokað að tilhlutun fjármálaráðuneytisins með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu 15. nóv. 1934 og hefir verið lokaður síðan. Ennfremur hafi verið ákveðið á aðalfundi sparisjóðsins 14. júní 1936 að greiða öllum innstæðueigendum nú þegar hlutfallslega jafna greiðslu af innstæðu þeirri, sem nú er til í sjóðnum, en innstæða í sjóðnum er kr. 232 087, en innstæðueigendur 460, en á þessum fundi mættu 44 menn með umboð fyrir 183 innstæðueigendur, er áttu inni samtals 175 þúsund krónur. Þurfi því að fyrirbyggja það, að þeir innstæðueigendur, er ekki mættu eða létu mæta á aðalfundinum, geti krafizt þess að fá innstæðu sína að fullu greidda og heimtað bú sjóðsins tekið til gjaldprotaskipta að öðrum kosti.

Teljum Vér, með skirskotun til framanritaðs, brýna nauðsyn bera til þess að setja bráðabirgðalög samkvæmt 23. grein stjórnarskrárinnar um þetta efni.

Fyrir því bjóðum Vér og skipum:

1. gr.

Stjórn sparisjóðsins Gullfoss í Hrunamannahreppi er falið að framkvæma reiknings- og skuldaskil fyrir nefndan sparisjóð, undir umsjá skiptaráðandans í Árnassýslu.

2. gr.

Stjórn sparisjóðsins skal nú þegar semja úthlutunargerð til innstæðueigenda sjóðsins á fé því, sem nú er fyrir hendi í sjóðnum. Skal þess þá vandlega gætt, að allir innstæðueigendur skuli þola jafnan hundraðshluta til niðurfærslu a innstæðum sínum og greiðslur til þeirra verði hlutfallslega jafnar.

Réttur eigandi sparisjóðsbókar er sá, sem samkvæmt bókum sjóðsins er talinn eigandi hennar 15. nóvember 1934.

3. gr.

Ef innstæðueigandi er í skuld við sjóðinn, hvort sem sú skuld er stofnuð af honum sjálfum eða hún fellur á hann fyrir ábyrgð við sjóðinn, þá er hluti af

118 innstæðu hans, eða innstæðan öll að því leyti sem hún hrekkur til, gild borgun
30. des. upp í slíka skuld, að frádregnum sama hluta, sem aðrir innstæðueigendur verða
að þola til niðurfærslu á sínum kröfum, og verður sjóðurinn ekki krafinn um
þann hundraðshluta, sem dreginn er frá gagnkröfum samkvæmt framanskráðu.

4. gr.

Stjórn sjóðsins annast innheimtu á útistandandi skuldum sjóðsins, og skal innheimtunni hraðað svo sem kostur er á. Úthlutar stjórnin fé því, sem inn kemur, til innstæðueigenda eftir sömu reglu, sem segir í 2. gr. Fer úthlutunin fram á þeim tímum, er skiptaráðandinn í Árnassýslu ákveður.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 30. desember 1936.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Hermann Jónasson.